

Garðar Baldvinsson:

Formáli

Spor í bókmenntafræði 20. aldar

Frá Shkhlóvskij til Foucault (1991)

Þær tíu ritgerðir sem hér birtast í íslenskri þýðingu hafa hver á sinn hátt markað spor í sögu bókmenntafræðinnar á þessari öld og með einum eða öðrum hætti hnikað til orðræðukerfi hennar. Er því full ástæða til að ætla að útgáfa þeirra hér reynist íslenskri bókmenntaumræðu nokkur fengur, ekki síst þar sem kapp hefur verið lagt á að vanda sem best til þýðinganna.

Við sem annast höfum undirbúning og útgáfu þessa rits lögðum reyndar grunn að því fyrir nokkrum árum ásamt litlum hópi samnemenda okkar er við stunduðum bókmenntafræðinámi við Háskóla Íslands og unnum þar að ýmsum útgáfumálum (m.a. *Ársriti Torfhildar* og *Ismum*). Í því starfi varð ljóst að þörf og áhugi fyrir rit af þessu tagi voru mikil og reyndar einnig að sumir áttu í fórum sínum ekki aðeins hugmyndir heldur einnig drög að þýðingum, sem sum birtast hér fullunnin.

Þáttaskil urðu í starfi okkar þegar nýir ritstjórar *Fræðirita* Bókmenntafræðistofnunar Háskóla Íslands buðu okkur til samstarfs og lögðu til nýjar hugmyndir, gerðu tillögur um stærra rit, buðu fram aðstoð, aðstöðu og ekki síst laun – sem eru forsendur lifandi og þróttmikils menningarstarfs enda krefst það vöndunar og nákvæmni. Er það því ánægjuefni að þegar ritröðin fer nú af stað á ný eftir nokkurt hlé skuli lagt úr vör með íslenskum þýðingum á ritgerðum sem tíðindum hafa sætt í vestrænni bókmenntaumræðu.

Af þeim þýðingum sem hér birtast hafa þrjár áður komið út, allar í *Mími*, blaði íslenskunema við Háskólann, en þær eru: Umberto Eco: „Um möguleikana á að mynda fagurfræðileg boð á edenskri tungu“; Roman Jakobson: „Tvær hliðar tungumáls; nafnskipti og myndhvörf“; og Roland Barthes: „Frá verki til texta“. Fyrir þessa útgáfu voru þær allar mjög endurskoðaðar og vil ég nota tækifærið og þakka þýðendum þeirra, sem og öðrum þýðendum, ánægjulegt samstarf. Aðrar

Þýðingar voru gerðar sérstaklega fyrir útgáfu þessa rits eða u.þ.b. fjórir fimmtu af umfangi þess.

Um *neðanmálsgreinar* er rétt að taka fram að oft hafa þýðendur skotið þar inn mikilsverðum bókfræðilegum upplýsingum með vísunum bæði í aðrar ritgerðir í bókinni og út fyrir bókina í aðrar heimildir; einnig stuttum skýringum eða skilgreiningum á þýðingarmiklum hugtökum. Slíkar neðanmálsgreinar (eða skýr-ingar sem bætt er við í athugasemdum höfunda) eru auðkenndar með *þýð* fremst. Jafn-framt skal bent á skammstafanir á titlum eftirtalinna rita sem voru ómissandi í þýðingarstarfinu:

- EÍ = *Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi*, Jóhann S. Hannesson bjó til prentunar ásamt fleirum, Örn og Örlygur, Reykjavík 1984.
- HH = *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, ritstj. Jakob Benediktsson, Bókmennta-fræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, Reykjavík 1983.
- MCT = *Modern Criticism and Theory; A Reader*, ritstj. David Lodge, Longman, London og New York 1988.

* * *

Vera má að tvenndin „form“ og „efni“ tilheyri flokkunarfræði Upplýsingarinnar þótt hugtökin séu einnig samstofna vestrænni heimspeki og hugsun. Á vissum þróunar-skeiðum málvísindanna, t.d. í Port-Royale skólanum franska á 16.-17. öld, settu menn aðra merkimiða á þessi fyrirbæri þegar um tungumálið og táknkerfi var að ræða og fundu það út, lýstu því a.m.k. yfir að tvenndin væri þríein: „tákn“ og það sem á íslensku nútímans er kallað „táknmynd“ og „táknmið“, eða 1) „tákn“, 2) „það sem táknar“ og 3) „það táknar“. Vangaveltur um beint, milliliðalaust náttúru-samband milli táknmyndar og táknmiðs gátu tekið á sig skondnar myndir frá sjónarhóli samtíma okkar, eins og þegar Abbé Copineau kveður r-hljóðið í orðinu „rós“ hliðstætt rauðum lit rósarinnar, „sem er líflegur, hraður og harður“.¹ Á svipaðan hátt var flokkun fyrirbæra í náttúrunni á vissan hátt talin endurspeglun í skipan eða jafnvel formi náttúrunnar, svo sem birtist í draumsýn Linnés á 18. öld²

1 Vitnað eftir *The Order of Things; An Archeology of the Human Sciences*, (þýðanda er ekki getið) Random House, New York 1970, bls. 108; sem er þýðing á verki Michels Foucault: *Les mots et les choses; une archéologie des sciences humaines*, Gallimard, París 1966.

2 Sjá *The Order of Things*, bls. 135.

um að prentuð lýsing jurtar hefði lögun eða form jurtarinnar; Linné nefnir einnig til ákveðna líkamshluta sem stofngerðir (frumgerðir, „erkítýpu“) forma: hár, neglur, þumalfingur, lófa, augu, eyru, fingur, nafla, typpi, sköpp, brjóst.

Þegar flokkunarfræðileg vandamál færast frá ytra borðinu (ásýndinni, forminu) inn á hlutverk og eðli (á síðari hluta 18. aldar og á 19. öld) fær hugmynd um innri byggingu mikið vægi í náttúruvísindum (t.d. grasafræði og efnafræði) jafnt sem hugvísindum (sálfræði og málvísindum, svo dæmi séu nefnd) og með þessu nýja viðmiði breytist grundvöllur sjálfra fræðanna með svo gagngerum hætti að sumar fræðigreinar fá ný nöfn eða klopna upp í margar sérhæfðari greinar (auðfræði verður t.d. hagfræði en um leið angi félagsfræði, náttúrufræði margklofnar, og af því sem kallað var filólógía spretta mörg fræðasvið, málvísindi og bókmenntafræði en í tengslum við túlkunarfræði verður jafnframt til túlkunarheimspeki). Með þessari breytingu í flokkun viðfangsefna má segja að tvenndin sem minnst var á að framan, „form“ og „efni“, skarist í þriðja lið eða þriðju víddinni sem er efni formsins, „strúktúr“, formgerð, sem á íslensku er stundum enn kölluð bygging; hugtak sem sameinar form og efni en heldur þeim um leið aðskildum.

Þær ritgerðir sem hér fara á eftir eiga það allar sammerkt að fjalla um formgerð, að taka á formi og efni með þeim hætti að samruni og aðskilnaður þeirra eru samofnir með ofangreindum hætti. Þar eð rit þetta hverfist á vissan hátt um formgerðarstefnu („strúktúralisma“) þótti okkur eðlilegt að sýna aðdraganda hennar einnig að vissu marki þótt slík staðhæfing um markvissa þróun innan fræðigreinar úr nútíð í framtíð (eftir á úr fortíð í nútíð) sé auðvitað varhugaverð. Engu að síður mótar að vissu leyti fyrir þróunarferli í bókmenntafræðilegri orðræðu frá formstefnu („formalisma“, Shklovskij), um nýrýni (Eliot³), í formgerðarstefnu (Lévi-Strauss og Jakobson), og þaðan út úr geira fastmótaðra stefna yfir á svið þar sem aflétt er veldi ákveðinna kerfa og stimpla, svið sem oft er sett undir einn hatt og gert að eins konar kjölfari formgerðarstefnunnar, það sem oft er kallað „póst-strúktúralismi“, jafnt þótt um marga, ósamstæða fræðimenn eða höfunda sé að ræða, eins og Derrida, Kristevu, Barthes og Bakhtin. Sá síðastnefndi t.d. sendir slíka flokkunarfræði veg allrar veraldar því – eins og Kristeva dregur fram í ritgerð sinni – hann er eins konar ljósbrjótur (prisma) sögunnar, einn af forsprökkum formstefnunnar rússnesku, fjallar um höfunda úr fortíð sinni (Dostojevskij og

3 Í bók þessari má segja að T.S. Eliot standi næst nýrýnninni þótt flokkunarfræðilegar efasemdir séu uppi um þetta atriði; vilja sumir einskorða „nýrýni“ við tiltekna, afmarkaða stefnu, aðallega í bandarískri bókmenntafræði, á 3. og 4. áratug aldarinnar, en af helstu fulltrúum hennar má nefna Cleanth Brooks, J.C. Ransom og W.K. Wimsatt. Á þessum forsendum væri Eliot forveri eða undanfari stefnunnar. Sú flokkunarfræði sem ég varpa hér fram er þó meira til íhugunar en til grundvöllunar á sundurliðun sögunnar.

Rabelais) en fellur samt vel að „póst-strúktúralismanum“ franska sem m.a. Kristeva er að fást við um og eftir miðjan 7. áratuginn. Þungamiðja þessa rits hlýtur reyndar að teljast á mótum formgerðarstefnu og umrædds sviðs því yngstu greinarnar færa fram mikilsverðar efasemdir um sjálfan grundvöll stefnunnar, þ.e. um kerfi, formgerð, merkingu, það sem Michel Foucault kallar í sinni grein „einveldi táknmyndarinnar“ – en þann merkimiða má reyndar lesa sem sneið til kenninga lærisveins hans, Jacques Derrida, sem leggur grunn að þeim í hinna þekktu grein sinni sem birtist hér í ritinu.

Nú vitum við að þegar Viktor Shklovskij hneykslaði menntastétt Rússlands með hugmynd sinni um að „gera framandi“ og var í háðungarskyni kallaður „formstefnumaður“ (formalisti) var margt að gerjast í vestrænni menningu sem leysti úr læðingi margvíslega nýja sýn á heiminn og samband mannsins við umhverfi sitt, hvort heldur var á sviði raunheimsins, samfélagsins, menningarinnar eða tungumálsins. „Formstefna“ sem niðorð gefur til kynna, skv. gömlu tvenndinni um form og efni, að áherslan hafi í hugum manna flust af efni á form; enda byggir níðið á slíkri staðhæfingu eða trú. Sé grein Shklovskíj hins vegar lesin er erfitt að gera sér í hugarlund að hann fjalli þar um form fremur en efni, nær væri að tala um aðferðafræði í skáldskap, jafnvel formgerð. Svo dæmi sé tekið er það hvorki form né efni eitt og sér sem að mati Shklovskíj gerir hestasögu Tolstojs merkilega heldur aðferðin, sjónarhornið, það að segja söguna í orðastað hests. Spurningin „hvað er sagt“ er þannig ekki lengur aðeins „hvernig er það sagt“ heldur ekki síður „hvernig spilar það sagða saman við umbúnað sinn“, þ.e. „hvernig fara form og efni saman“.

Shklovskij ræðst gegn þeirri fornu hugmynd að list sé „að hugsa í myndum“ (*Sporin*, bls. 21)⁴ og leiðir öll rök sín að þeim kjarna að skynjun viðtakandans sé höfuðatriði og þess vegna felist listrænt starf í því að vekja skynjun hans; slík vakning gerist þegar fastabraut vanans er rofin og hugsun viðtakandans skekin í þeim tilgangi að láta hann skynja, ekki nýjungar, heldur það þekkta á nýjan hátt, upplifa það kunnuglega sem eitthvað framandi, jafnvel torkennilegt. Þannig má segja að megináherslan sé færð frá verkinu, afurð sköpunirferlisins, *yfir* á það listræna sjálft, þ.e. það sem gerir tiltekið verk (eða athöfn) að listaverki, texta að skáldskap, það sem síðar var kallað „bókmenntaleiki“ eða „það bókmenntalega“, þ.e. sérkenni bókmenntamáls umfram venjulegt mál.

Í samræmi við það ýtir síðan Eliot til hliðar höfundinum, æviferli hans, stétt og stöðu í samfélagi og menningu, og setur andspænis þessu verkið, textann, sem eins konar lokað kerfi og í raun eina viðfangsefni rýnenda, hvort heldur er venjulegs

4 Blaðsíðutöl innan sviga í þessari netútgáfu formálans vísa í ritið *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, sem hér eftir er kallað *Sporin*.

lesanda eða gagnrýnanda (bókmenntafræðings). Hann gengur, ef svo má segja, út frá því að formið þjóni efniinu og að efnið sé tjáning, birtingarmynd veruleikans í gegnum síu eða linsu listamannsins. Mælikvarðiinn er ekki lengur skáldið, heldur – eins og í formstefnunni – það listræna, í hverju það birtist innan listaverksins; annað mikilvægt atriði er síðan hefðin sem listaverkið á rætur í og á hvern hátt það vinnur úr þeirri hefð, hvort það hverfi inn í hana eða „geri hana framandi“ eins og Shklovskij myndi vilja og Eliot metur greinilega mikils.


Dæmið sem Eliot tekur til að varpa ljósi á tengsl einstaklings, listaverks og hefðar, eða eins og hann orðar það, til „að skilgreina þetta afsal persónuleikans og samband þess við hefðarvitundina“, (*Sporin*, bls. 47), sækir hann í efnafræðina: platínupráður + súrefni + brennisteinsdíoxíð [í hylki] => brennisteinstvísýrilingur. Platínupráðurinn er nauðsynlegur til að efnahvörfin geti átt sér stað, en hann er þó ekki til staðar í nýja efnasambandinu; á svipaðan hátt er ljóðið afurð sköpunar en í rás hennar hverfur skáldið úr verkinu, og vekur Eliot þar með máls á því sem Roland Barthes ræðir hálfri öld síðar í greininni „Dauði höfundarins“. Í fyrrnefndu dæmi Eliots kemur einnig fram ákveðinn skyldleiki nýrýni hans og náúralismans hvað snertir trúna á vísindin, hina vísindalegu aðferð sem fyrirmynd við útlistun á veruleikanum, en merki um þessa trú og/eða andófið gegn henni, þ.e. um trúna sem áreiti, má sjá í flestum greinanna hér í þessu riti. Í þessu ljósi verður listsköpunin að eins konar tilraunastarfi vísindamanns og afurðin, hluturinn, uppgötvunin í sjálfu sér óháð honum þótt þessi sköpun sé hins vegar nátengd þeirri hefð sem hún sprettur úr – en hér lendir Eliot, eins og nánar verður vikið að síðar, í forvitnilegri samræðu handan tíma við Foucault.

Þegar Claude Lévi-Strauss setur síðan fram grundvallarþverstæðu goðfræðinnar kemur hann, að segja má, að einu meginatriði formgerðarstefnunnar, sem orða mætti á þann veg að ef hending ræður mannlegri hugarstarfsemi hvernig stendur þá á því að „hjörtum mannanna svipar saman/ í Súdan og Grímsnesinu“ eins og Tómas orðaði það? Þessi þverstæða hafði þegar orðið málvísindamönnum umhugsunarefni, sem hægt væri að tengja orðum mínum hér að framan um r-hljóðið í orðinu „rós“: ef hljóðið samsvarar eiginleikum fyrirbærisins „rós“ ætti það að koma fyrir í orðum allra tungumála yfir „rós“; af slíku lögmáli ætti raunar að leiða svo mikil líkindi tungumála að raunveruleg ólíkindi þeirra væru með ólíkindum. Í tungumálinu snýst þverstæðan um form, um táknmyndir, en í goðfræði Lévi-Strauss er um efni að ræða: „ef innihald goðsagnarinnar er hreinni tilviljun undirorpið, hvernig á þá að skilja þá staðreynd að um víða veröld skuli goðsagnir vera jafn keimlíkar?“ spyr hann (*Sporin*, bls. 55). Vandinn liggur þó hvorki í efni né formi heldur þverstæðunni sem slíkri. Fræðunum, hvort heldur er málspeki eða goðfræði, ber því umfram allt að finna leið fram hjá þverstæðunni.

Ef til vill má segja að formgerðarstefnan hafi fundið slíka leið, eða jafnvel tvær samliggjandi leiðir, þ.e. í hugmyndinni um kerfi annars vegar *og* hins vegar í hugmyndinni um grunnandstæður. Kerfi gerir ráð fyrir lögmáli sem, í tilviki goðfræðinnar, stýrir myndun eða framleiðslu goðsagna; í tungumálinu væri um stýrilögmál merkingarframleiðslunnar að ræða. Með yfirgrípsmeira kerfi mætti finna stýrilögmál í tilvist mannsins sem veru á sviði stjórnmála og samskipta, jafnt í geira efnahags-, menningar- sem mállegra gilda.

Þegar Lévi-Strauss líkir starfi sínu við starf málvísindamanns mætti hugsanlega líta á hugmynd Noams Chomsky varðandi djúpgerð og yfirborðsgerð setninga í tungumálinu, að tilteknir kjarnar merkingar (efnið) geti leitað fram á ýmsan veg í yfirborðsgerðinni (forminu). Rannsókn Lévi-Strauss lýtur að spurningum um djúpgerð goðsagna. Þ.e. hvort hún sé til og í hverju hún þá felist. Svar hans liggur í kerfi grunnandstæðna, tveggja afla er sífellt takist eða skiptist á um yfirráð í heiminum, í mannfélaginu og goðsagnaheiminum. Sem aðferðafræðilegt líkan á grunnandstæðan þó rætur í guðfræði miðalda og hefur þann kost að sýna, auk sjálfra megin-skautanna, þá krafta sem þeim tengjast og loks áttakapunkta þeirra. En hugmyndin er þó ekki aðeins arfur úr vestrænni hefð heldur er hún að því er virðist samgróin hugsun mannsins eða vitsmunalífi hans, og nægir þar að minna á jin-jan tvenndina í kínverskri heimspeki sem og ýmsar ályktanir Lévi-Strauss í formgerðargreiningu hans á goðsögnum „um víða veröld“ en í ritgerð hans koma m.a. fram grunnandstæðurnar „líf og dauði“, „breyting og stöðugleiki“ og „of og van“.

Málvísindamaðurinn Roman Jakobson er einn þeirra sem stóðu að rússnesku formstefnunni á 2. og 3. áratug 20. aldar, en gerðist síðan einn af brautryðjendum formgerðarstefnunnar. Ritgerð hans sem hér birtist varpar ljósi á markalínu milli nafnskipta og myndhvarfa, á áttakapunktana og kraftana sem mynda spennuna. Átökin flytjast eftir ásum sem Ferdinand de Saussure lagði reyndar fram, samtímalegum og sögulegum ásum sem samsvara lögmálum er stýra vali málnotanda á orðum og skipan þeirra í setningar; annars vegar *val* úr einhverju (orðasafni, af samtímalegum ás tungumálsins), hins vegar *val* í (tengingu við) eitthvað (setningar, samhengi, sögulegan ás). Jakobson kallar þetta einfaldlega *val* og *tengingu* og stillir þessu tvennu upp sem grunnþáttum málnotkunar en um leið megin-skautum hvers kyns málstols. Valið tekur til líkindavensla og þar með myndhvarfa en tenging til samfellu og nafnskipta. En Jakobson gengur lengra og finnur ákveðna samsvörun milli þessara grunnþátta annars vegar og hins vegar tiltekinna bókmenntastefna: nafnskipti eiga þá samleið með raunsæi en myndhvörf með rómantík og táknsæi. Slík útleiðing er í reynd innbyggð í formgerðarstefnuna – að finna kerfi, stýrilögmál, formúlu eða líkan er skýrt geti umfangsmikinn vettvang. Hér höfum við tvö megin-skaut (grunnandstæður) eða tvo ása sem gera má að einföldu líkani:



eða að stýrilögmáli *vals* og *tengingar* er leyfa, að sínu leyti, tvískiptingu vettvangsins (markalínu) sem undirskipa má öðrum þáttum (kröftum). Ég á hér við þá tilhneigingu formgerðarmanna að skipa rannsóknarefni sínu í tvær fylkingar sem síðan eru settar í stigveldi; með grunnandstæðuhugsuninni er ávallt fundin efsta (aðal) tvennd, næstefsta tvennd (sem er eilítið veiga- eða umfangsminni) og þannig koll af kolli, frá hinu almenna niður í það sérstaka:

<u>tenging</u>	<u>val</u>
<u>nafnskipti</u>	<u>myndhvörf</u>
<u>raunsæi</u>	<u>rómantík, táknæi</u>

Í þessu ljósi mætti útlista starf Juliu Kristevu eins og það kemur fram í grein hennar „Orð, tvíróddun og skáldsaga“ (*Sporin*, bls. 93-128) á einfaldaðan hátt með tilvísun til einnar meginhugmyndar greinarinnar: skáldskaparmálið hefur sig yfir rökvísi grunnandstæðnanna og þrífst á því sem handan þeirra er. Hugleiðing hennar er þannig á krossgötum formgerðarstefnu og þess andófs gegn henni sem einkennt hefur mannvísindi síðasta aldarfjórðunginn eða svo. Mikhail Bakhtin, sem hún kynnir í greininni – en hann var nær óþekktur á Vesturlöndum þegar greinin var skrifuð (árið 1966) – má hins vegar telja til formstefnumannanna rússnesku í upphafi aldarinnar (sbr. hér að framan). Bakhtin lagði margt athyglisvert fram til bókmenntafræði en meðal helstu hugmynda hans má nefna það sem Kristeva gerir að meginmáli sínu: karnivalið sem andóf gegn ríkjandi lögum samfélags og menningar, textatengsl sem „nýjan“ tilveruhátt og samskiptamynstur bókmennta (og á öðru plani einnig í mannlífinu), og margróddun sem listrænt andóf gegn sterkri

rannsæishefð er byggir á heildstæðri höfundarmiðju sem stýrilögmáli bókmennta-sköpunar. Þótt Bakhtin hafi tekið þátt í umróti formstefnunnar ásamt Shklovskíj þá er eftirtektarvert að þeir tefla fram tveimur ólíkum fulltrúum svipaðra hugmynda, gera þá að fulltrúum svipaðra hneigða: fulltrúi Shklovskíjs í nýsköpun skáldskaparmálsins er Tolstoj með sitt „framandlega sjónarhorn“, en Bakhtin hefur Dostojevskíj í hávegum fyrir að fela sig eða gefa sér sem söguhöfundur aðeins eina rödd, jafngilda við aðrar raddir er ræðast við og takast á í textanum; hins vegar sneiðir Bakhtin að Tolstoj fyrir einradda texta, mikla höfundarnálægð í texta hans, og byggir þar e.t.v. á sama grunni og Shklovskíj nefnir án frekari umræðu, er hann segir „aðferðinni [framandgervingunni] beitt áfram þótt forsendan fyrir notkun hennar sé úr leik“ (*Sporin*, bls. 32); m.ö.o. er eins og aðferð Tolstojs, framandgervingin, sem að mati Shklovskíjs hefur þann ótvíræða kost að brjóta upp vanahugsun, verði sjálf að vana, stirðni. Í þessum mótsagnakennda punkti vaknar spurning um nýbreytni sem mælskufræðileg stílbrögð eða raunverulegt andóf, hvort heldur er í bókmenntum eða lífinu.

Margröddunin – og umfjöllun Kristevu – beinist að hinu síðastnefnda (raunverulegu andófi) og er allt annars eðlis en það einkenni formgerðarstefnunnar sem rætt var hér að framan og felst í því að greina fyrirbæri upp í kerfi grunnandstæðna, enda eru „sættanlegar andstæður“ eitt af leiðarminnum í ritgerð hennar. Kenningin um samrýmingu eða sátt andstæðra afla fær hins vegar undarlegan hljóm með hliðsjón af því félagslega umróti sem varð á Vesturlöndum á síðari hluta 7. áratugarins, umróti sem krafðist margröddunar í samfélaginu og leiddi til uppstokkunar gilda í vestrænni menningu. Ritgerð Kristevu er þannig, líkt og hún segir sjálf um orðið sem minnstu einingu textans, „skörun textalegra yfirborða“ (*Sporin*, bls. 94), þ.e. þar skarast (ekki síst) það sem var (kerfishyggja formgerðarstefnunnar) og það sem koma skal (fjölhyggjan, margröddunin sem spratt af andófinu gegn formgerðarstefnunni). Sum af meginhugtökum ritgerðarinnar, t.d. karnival, menippíska og margröddun, eru jafnframt tekin úr langri hefð vestrænnar hugsunar sem segja mætti um, líkt og Jakobson segir um spennu nafnskipta og myndhvarfa, að hvortveggja sé „stöðugt í gangi [en] annaðhvort ferlið tekið fram yfir hitt“ (*Sporin*, bls. 86). Í þessu felst að togstreitan, spennan er ekki hrein drottnun anspænis hreinni auðsveipni, fullkominn sigur eða algert tap, heldur átök, eins konar deigla þeirra afla sem koma þar saman – deigla hefðar og nýbreytni, tvíröddunar og einröddunar, nafnskipta og myndhvarfa, Hér mætti einnig hafa í huga orð Foucaults í grein hans, þegar hann lýsir heiminum einmitt sem spennusviði margra orðræðna:

Menn skyldu ekki ímynda sér eitthvað ósagt eða óhugsað, sem hlaupi um heiminn og tengist öllum hans myndum og atburðum og ætlunin sé að orða eða hugsa nú loksins. Um orðræðurnar á að fjalla sem sundurlausar iðkanir, er hittast, nálgest stundum en vita líka ekki hver af annarri eða útiloka hver aðra. (*Sporin*, bls. 213)

Pólitískt eðli bókmennta- og jafnvel listsköpunar sést síðan vel í því sem Kristeva segir um menippísk skrif;

Tvíröddun orða þeirra *er* hagnýt heimspeki í baráttu við hugsjónir og trúarlega háspeki (við epíkina): hún er samansett úr samfélagslegri og pólitískri hugsun hvers tíma í deilum við guðfræðina (lögin). (*Sporin*, bls. 120)

Séu þau síðan enn borin saman, Jakobson og Kristeva/Bakhtin, má benda á hvernig þau tengja nafnskipti við raunsæi og epíska rökvísi en myndhvörf við framsækin skrif og rökvísi samsvarana fremur en samfellu og keðju. Á sama hátt mætti nefna tengsl milli annars vegar epíkur, einröddunar, höfundarmiðju, og hins vegar þess sem Derrida fjallar ekki hvað síst um í ritgerð sinni um formgerð, tákni og leik, þ.e. „yfirskilvitlegs táknmiðs“. Eins og ég var að benda á varðandi spennu–svið hafa ýmsir „póst-strúktúralistar“ (ekki síst femínistar) raskað vettvangi grunn–andstæðnanna og riðlast þá jafnvel tengsl nafnskipta og myndhvarfa við tiltekna bókmenntastefnur, enda búa nafnskipti oft yfir sköpunarmætti, rétt eins og mynd–hverfing er engin trygging fyrir þrótti, nýbreytni eða sköpun. Miðlína skiptingar–innar skriðnar og þar með er e.t.v. komið að þungamiðju þess andófs gegn form–gerðarstefnunni sem kennt hefur verið við afbyggingu („deconstruction“)⁵ og felst ekki hvað síst í því að hafna hvers kyns miðju, afneita þungamiðjunni sem flokkunarfræðilegu lykilatriði. Hér mætti jafnvel tengja – eins og fræðimenn þreystast ekki á – þetta „miðjuþóf“, þessa jöðrun, við uppreisn gegn Guði og bendla afbyggingu við þekkingarfræðilegt umrót á 19. öld þegar grundvöllur vísinda tók óvæntum breytingum og heimsmynd vestrænna manna glataði þyngdarkrafti Guðs, sem Nietzsche einfaldaði í kennisetninguna „Guð er dauður“.⁶ Í þessu samhengi rifjast upp hin gyðinglega saga um Babelsturn og málrugling Guðs við fall hans, sem minnir óneitanlega á kenningu og iðju Derrida varðandi leik í tungumálinu; sé yfirskilvitlegt táknmið (Guð, miðjuveldi Guðs) horfið eða fjarlægt

5 Þýðing þessa hugtaks klofnar gjarna í íslensku og er „sundrun“ stundum notað yfir almenna merkingu þess en „leysigreyning“ fyrir aðferðafræðina; „afbygging“ sameinar bæði merkingar–sviðin.

6 Friedrich Nietzsche, *Die fröhliche Wissenschaft*, 1882, gr. 108, 125, 343; kemur einnig fyrir í *Svo mælti Zarafústra. Bók fyrir alla og engan* (upphafll. 1883–1891; þýð. Jón Árni Jónsson, Reykjavík, Heimspekistofnun, Háskólaútgáfan, 1996), en í þeirri bók leikur þessi kennisetning stórt hlutverk.

úr tungumálinu skapast rými fyrir táknmyndir, hljóð og bókstafi að bregða á leik, kveikja tengsl sem óbundin eru tilteknu kerfi eða fastri braut fyrirfram mótaðra hugsunarmynstra.

Í grein sinni hér (*Sporin*, bls. 129-152) afbyggir Derrida hugmyndakerfi Lévi-Strauss og ekki síst þá formgerðarbundnu ástríðu hans að skipa fyrirbærum upp í kerfi grunnandstæðna. Segja má að megintilgangur Derrida sé að sundra sjálfri hugmyndinni um grunnandstæður og tekur hann andstæðuna „náttúra/menning“ sem dæmi. Vitanlega verður ekki litið fram hjá þörfinni fyrir að skilgreina slíka andstæðu⁷ en einmitt í þeim punkti grípur Derrida í Lévi-Strauss og segir honum að skilgreiningin sé röng, það vanti leik.⁸ Sé enn tengt við fyrri orð mín um tvenndina form og efni, þá virðist ljóst að Derrida styður það sem kalla mætti „heim formsins, táknmyndarinnar“ á svipuðum nótum og Umberto Eco gerir í sinni grein um edenska tungumálið, snjöllum leik að formi skáldskapar, táknmyndum tungumálsins og merkingarframleiðslu af toga Guðs; form og efni renna þar saman í sjónrænni mynd þeirra tákna sem Eco leggur Adam og Evu í munn.

Líkt og Kristeva og Derrida gera í sínum greinum andæfir Roland Barthes og riðlar tveimur af lykilhugtökum bókmenntafræðinnar, „höfundinum“ og „verkinu“, en fá hugtök hafa jafn sterka miðstöðu í vestrænni menningu – þótt bæði séu, eins og Barthes og raunar einnig Foucault benda á, tiltölulega ný í orðræðukerfum okkar. Fyrir Barthes eru höfundur og verk ekki aðeins samofin heldur einnig rækilega ofin í þann vef sem Derrida tengir yfirskilvitlega táknmiðinu og Kristeva við lögmál Guðs, skilgreininguna; vef sem kalla mætti endanlega merkingu, vef sem gerir ævinlega ráð fyrir að vera ráðinn, rakinn upp. En Barthes vill leysa sundur, setja á hreyfingu, kveikja leik táknmynda í texta, í mismun og frestun, vekja upp *skrif* sem eiga tilveru sína undir lestri, undir sjálfri athöfninni að lesa – og hér fer vel á orðsifjalegri fjölræðni sagnarinnar, enda kemur nú, eins og Shklovskij bað um, til kasta skynjunar þess sem les, lesandanum skal komið á óvart en ráðandinn fer veg vanans, neyslunnar.

„Einveldi táknmyndarinnar“ kallar Foucault þessar andófskenndu hugmyndir (*Sporin*, bls. 222) og setur fram kenningu um svið valds sem framleiðir sjálft sig, en er um leið undirorpið eigin valdi sem leitast við að draga úr sjálfu sér; þessi

7 „Skilgreiningaveiki“ kallar Þorsteinn Gylfason slíka iðju þegar hún nálgast öfgana, sjá bók hans *Orðasmíð*, Háskólaútgáfan, Rvík 1991.

8 Í þeim svifum kviknar minning um línur Steins Steinars í „Að sigra heiminn“: „Og þótt þú tapir, það gerir ekkert til / því það er nefnilega vitlaust gefið“.

9 „Skrif“ er þýðing á (fr.) „écriture“ (sem þýtt er á ensku sem „writing“) og felur í sér að merking verður til án áritunar höfundar, merkingarframleiðslu sem sett er í gang og setur lesandann í gang án beinnar uppsprettu. Greinar Barthes í þessu riti (*Sporin*, bls. 173-190) eru, að segja má, útlistun á þessu ferli.

vettvangur valds er orðræðan. Rannsókn Foucaults í ritgerð hans (*Sporin*, bls. 191-226) snýst um þessa orðræðu, valdið og löngunina sem í henni búa og takast á um yfirráð; um orðræðuna sem bæði sýnir og felur valdið en er um leið viðfang þess og markmið; um baráttuna og drottunarkerfin; um takmörkunina á valdi orðræðunnar, aðferðir hennar til að sigrast á tilviljuninni og aðferðir hennar við að velja úr mælendur.

Eitt af drottunarkerfunum myndi T.S. Eliot vafalaust vilja kalla hefð; enda er orðræða sú sem Foucault fjallar um verulega frábrugðin þeirri orðræðu er Emile Benveniste skilgreindi sem málið eins og hver einstaklingur beitir því (*Sporin*, bls. 101). Það sem Foucault á við mætti fremur útlista á þessa leið: það sem sagt hefur verið um tiltekið efni á tilteknum tímapunkti. Þannig verður saga þessa efnis óaðskiljanleg frá því sjálfu. Fangelsi t.d. væri ekki aðeins hús, kassi, vistunarstofnun, það sem er og gerist í því, heldur einnig allt sem hefur gerst og er að gerast í því og í tengslum við það, allt sem sagt hefur verið í því og um það. Orðræða bókmenntanna væri þá bæði textar höfundanna,¹⁰ textar um þessa texta, um höfundana, um síðari textana, o.s.frv. Þegar Eliot fer fram á nýjungar út frá hefðinni er sem Foucault taki undir með honum að hefðin leyfi vissulega nýjungar, en ávallt skv. tregðulögmáli þar sem áherslan liggur með semingi á sögninni „leyfa“ og mætti benda á orð hans (sem hann sækir til læriföður síns, Georges Canguilhem) um að Mendel hafi líklega ekki verið „innan sannleikans“ (*Sporin*, bls. 204), þ.e. farið of geyst í nýjungum svo hefðina hafi skort grunn sem nýjungar hans mætti reisa á. Í þessu þekkingarfræðilega stökki rifjast síðan upp hugtakið væntingamörk¹¹ lesenda (sem minnir einnig á það sem Foucault kallar „fræðilegan sjón-eildarhring“, *Sporin*, bls. 204) – og hefð eða orðræða rennur saman við þann sem beitir henni, þann sem er hennar aðnjótandi, líkt og orðræðan sé sett saman úr sjálfri sér, þeim sem mælir og þeim sem á hlýðir.

10 ritgerðinni „Qu'est ce qu'un auteur“ (Hvað er rithöfundur), sjá nmgr. 2, bls. 201 í *Sporunum*, spyr Foucault: hvar er markalínan milli texta tiltekings höfundar og rissblaða? á að telja dagbækur, minnisblöð, bíómiða, þvottahússmiða, kvittanir o.s.frv. til texta höfundarins? [Þessi ritgerð Foucaults hefur síðan birst í íslenskri þýðingu undirritaðs sem „Hvað er höfundur“, í Michel Foucault, *Alsæi, vald og þekking. Úrval greina og bókakafla*, Garðar Baldvinsson ritstj., Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005.]

11 Orðið „væntingamörk“ er komið frá Ástráði Eysteinsyni í grein hans „Bókmenntir og þýðingar“, *Skírnir*, HÍB, Rvík 1984, bls. 61. Hugtakið á rætur í viðtökufræði.